

Reykjavík 19. júní 2026

**Efni: Umsögn SAF um áform um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003**

Innviðaráðuneytið birti 22. maí 2026 til umsagnar áform um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003. Af áformaskjalinu verður ráðið að markmið fyrirhugaðrar lagabreytingar sé að endurskoða 17. gr. hafnalaga með þeim hætti að gjaldaákvæði laganna verði skýrari og einfaldari. Lagabreytingunni er ætlað að skýra ákvæði um eldisgjald og ákvæði um álagningu farþegagjalds til þess að eyða réttaróvissu sem hefur skapast. Í áformaskjalinu kemur fram að fulltrúar hafna hafi kallað eftir endurskoðuninni og þeim verði auðveldað að innheimta réttmætt gjald fyrir þá þjónustu sem þær sannarlega veita.

**Skýrt fyrir hvað er verið að greiða**

Samtökin skilja að fulltrúar hafnanna óski eftir skýrari og einfaldari lagaákvæðum til að innheimta réttmæt gjöld fyrir þá þjónustu sem þær veita. Samtökin leggja áherslu á að endurskoðunin miði ekki að því að mæta tekjubörf heldur einnig að bæta réttaröryggi, fyrirsjáanleika og gagnsæi í innheimtu fyrir notendur hafnanna. Notendum á að vera fullljóst fyrir hvaða þjónustu eða aðstöðu þeir eru að greiða. Mikilvægt er að notendur séu ekki að greiða oftar en einu sinni fyrir hverja þjónustu. Þá eiga gjöld eins og farþegagjöld ekki að vera sjálfstætt aukagjald eingöngu vegna þess að farþegar fara um höfn, heldur þarf það að tengjast þeirri þjónustu eða aðstöðu sem veitt er farþegum. Notandi hafnar þarf að geta séð með skýrum hætti hvaða kostnaðarliðir liggja að baki hverju gjaldi, hvort gjaldið tengist almennum innviðum, sértækri þjónustu eða samningsbundinni notkun, og hvort sami kostnaður sé jafnframt innheimtur með öðrum gjaldlið.

Í frummati á áhrifum er lítil umfjöllun um áhrif breytinganna á atvinnulífið sem nýtir hafnir. Þar kemur fram að breytingunum sé ætlað að auðvela höfnum að vinna með gjaldaákvæði hafnalaga, en minna er fjallað um áhrif á notendur hafna. Samtökin telja mikilvægt að við gerð frummati verði lagt mat á hvaða áhrif breytingin hefur á atvinnulíf sem nýtir hafnaraðstöðu.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum.

*Virðingarfyllt,*



Jóhannes Þór Skúlason  
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar